

**Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti
nr. 1/2017.**

1. gr. Auglýsingar um laus prestsembætti.

Biskup Íslands auglýsir laus embætti sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar og skipar í þau til fimm ára.

Um efni auglýsinga er fjallað í 3. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, nr. 144/2016, með áorðnum breytingum.

2. gr. Sérreglur um embætti sóknarpresta og presta í prestaköllum.

a. Þarfagreining fyrir prestakall skal liggja fyrir, sbr. 2. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, nr. 144/2016, með áorðnum breytingum og leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir kjörnefndir prestakalla nr. 3/2017.

b. Kjörnefnd prestakalls kýs sóknarprest eða prest í leynilegri kosningu. Kosið er milli þeirra umsækjenda sem matsnefnd, sbr. 6. gr., metur hæfasta að jafnaði fjóra hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm.

c. Ef presti er ætlað að þjóna í fleiri en einu prestakalli sameinast kjörnefndir þeirra prestakalla í eina. Ef presti er ætlað að þjóna prestakalli að hluta og embætti héraðsprests að hluta sameinast kjörnefnd og héraðsnefnd í eina kjörnefnd.

d. Almenn prestskosning getur farið fram óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, enda komi skrifleg ósk um slíka kosningu fram eigi síðar en hálfum mánuði eftir að prestakall var auglýst laust til umsóknar.

3. gr. Umsókn um laust prestsembætti.

Sækja skal um auglýst embætti rafrænt og fylla út alla reiti eyðublaðs á vef kirkjunnar kirkjan.is í því skyni. Fylgiskjöl skulu sömuleiðis send í rafrænu formi, sbr. þó 2. mgr. Auk útfyllts eyðublaðs skulu að lágmarki fylgja umsókn eftirtalin gögn svo hún sé tæk til úrvinnslu:

a. Prófskírteini (afrit) um embættispróf (mag theol/cand theol.) í guðfræði ásamt einkunnum. Ef um próf frá annarri viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla er að ræða skal leggja fram sambærileg gögn.

b. Heimild umsækjanda til öflunar upplýsinga úr sakaskrá um þær tegundir brota er greinir í 3. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta.

Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti, sbr.

starfsreglur um val og veitingu prestsembættanna nr. 144/2016.

Nr. 3/2016

c. Greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða embættið.

d. Önnur prófskírteini (afrit) ef umsækjandi hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem hann telur að líta beri til við mat á hæfni og eftir atvikum afrit einkunnablaðs.

Ef umsækjandi vill láta fylgja umsögn sinni umsagnir eða meðmæli skulu þau gögn að jafnaði send beint frá þeim sem þau veitir á netfangið kirkjan hjá kirkjan.is. Ef umsögn eða meðmæli eru ekki rafræn skulu þau póstsendast eða afhendast á Biskupsstofu í lokuðu umslagi ásamt upplýsingum um netfang eða símanúmer þess sem þau veitir.

Umsækjandi ber ábyrgð á því að umsagnir og/eða meðmæli hafi borist Biskupsstofu eigi síðar en við lok umsóknarfrests.

Biskupi er heimilt að krefja umsækjanda um löggilta þýðingu umsóknargagna sem eru á erlendu tungumáli yfir á íslensku. Umsækjandi greiðir kostnað sem kann að hljóttast af því.

4. gr. Drengskaparyfirlýsing umsækjanda í tengslum við umsókn

Umsækjandi telst með því að sækja um laust prestsembætti staðfesta eftirfarandi að viðlögðum drengskap:

-að allar upplýsingar í umsókn hans séu réttar og ekkert sem máli skiptir dregið undan.

-að honum sé kunnugt um réttindi annarra umsækjenda til aðgangs að umsókn hans og gögnum á grundvelli stjórnisýslulaga nr. 37/1993 svo og réttindum almennings og fjölmiðla til aðgangs að upplýsingum um umsækjendur samkvæmt upplýsingalögum nr. 144/2014.

-að honum sé kunnugt um þagnarskyldu sína um skýrslu matsnefndar ef við á.

-að hann hafi kynnt sér og samþykkt þá skilmála sem gilda fyrir notkun og aðgang umsækjenda að rafrænu umsóknarkerfi Biskupsstofu.

5. gr. Athugun biskups Íslands á umsókn.

Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti, sbr. starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.

Nr. 3/2016

Að liðnum umsóknarfresti kannar biskup hvort umsækjandi hafi embættisgengi, hafi lokið tilskilinni starfsþjálfun og aflar upplýsinga úr sakaskrá um umsækjanda hvað varðar þær tegundir brota sem greinir í 3. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta. Biskup sendir matsnefnd, sbr. 6. gr., umsókn að því búnu.

6. gr. Matsnefnd um hæfni til prestsembættis.

Biskup skipar þriggja manna matsnefnd til að meta hæfni umsækjenda um laus prestsembætti. Matsnefnd starfar á grundvelli starfsreglna um val og veitingu prestsembætta, einkum 5. gr. og 6. gr. svo og leiðbeinandi reglna biskups fyrir matsnefndina frá 2016.

7. gr. Sérstakt hæfi nefndarmanna í matsnefnd og kjörnefndum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna í matsnefnd og kjörnefndum prestakalla, þ. á m. skyldu nefndarmanna til að vekja athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ef umsækjandi um embætti telur að nefndarmaður sé vanhæfur skal hann svo fljótt sem auðið er gera formanni nefndar grein fyrir þeirri afstöðu sinni á rökstuddan hátt.

8. gr. Kynning umsækjenda.

Að fenginni niðurstöðu matsnefndar boðar kjörnefnd þá umsækjendur, sem matsnefnd hefur metið hæfasta, til viðtals. Kjörnefnd getur ákveðið að boða einungis þá umsækjendur til viðtals sem hún metur hæfasta. Kjörnefnd getur eftir atvikum boðið umsækjendum að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni. Kjörnefnd er heimilt að óska þess að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur.

Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda í viðtölum, s.s. varðandi spurningar. Annað kynningarstarf umsækjenda fyrir kjörnefnd eða einstökum kjörnefndarmönnum en að framan greinir er því óheimilt.

**Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti, sbr.
starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.**

Nr. 3/2016

9. gr. *Ferðakostnaður og annar kostnaður.*

Umsækjandi greiðir sjálfur þann kostnað sinn sem kann að skapast í tengslum við umsóknina s.s. ferðakostnað, kostnað vegna sérfræðiráðgjafar, þýðingar skjala og annan sambærilegan kostnað.

10. gr. *Réttindi og skyldur umsækjenda*

Umsækjanda ber að upplýsa um allt sem máli skiptir við mat á umsókn, þ. á m. hvað varðar embættisgengi og draga ekkert undan.

Umsækjandi á rétt á að gefa matsnefnd skriflegar athugasemdir sínar við skýrslu matsnefndar um matsferli og niðurstöðu þess og skal hafa sjö daga frest til þess frá því að skýrsla barst. Umsækjandi er bundinn trúnaði um niðurstöðu matsnefndarinnar.

Telji umsækjandi málsmeðferð matsnefndar áfátt er hún kæránleg til biskups innan sjö daga og skal úrskurða um álitæfnið innan fimm daga.

Trúnaðarskylda hvílir á öllum þeim sem um umsóknir um laus prestsembætti sýsla.

Ef umsækjandi getur ekki mætt til viðtals á tilsettum tíma er kjörnefnd heimilt að taka viðtal með fjarfundarbúnaði.

Kjörnefnd skal spyrja umsækjendur sömu spurninga ef fleiri en einn eru.

Telji umsækjandi annmarka hafa verið á málsmeðferð kjörnefndar getur hann vakið athygli prófasts á því hafi matsnefnd ekki lokið störfum en ella sent erindi þar um til biskups Íslands. Sama á við um málsmeðferð héraðsnefndar. Slíkt erindi skal hafa borist biskupi áður en hann skipar í embættið.

Þegar skipað hefur verið í embætti á umsækjandi rétt á aðgangi að umsóknum annarra umsækjenda og fylgiskjölum. Þegar sérstaklega stendur á er biskupi þó heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum eða að umsókn hafi verið dregin til baka.

Vilji umsækjandi ekki una niðurstöðu biskups um skipun í embætti getur hann eftir því sem við á og lög heimila, leitað til kærnefndar jafnréttismála, Umboðsmanns Alþingis eða almennra dómstóla.

**Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti, sbr.
starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.
Nr. 3/2016**

11. gr. *Aðgangur að lögum og reglum*

Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta, leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir kjörnefndir, matsnefndir og umsækjendur svo og aðrar þýðingarmiklar réttarheimildir eru aðgengilegar á kirkjan.is.

12. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 12. gr. starfsreglna þjóðkirkjunnar nr. 144/2016 um val og veitingu prestsembætta, öðlast þegar gildi.

Brott falla leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir valnefndir, dags. 9. mars 1999, með síðar breytingum, dags. 9. september 2003, dags. 5. mars 2008, 28. nóvember 2008, 5. febrúar 2013 og 30. mars 2014. Þá falla brott leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti nr. 3/2016.

Reykjavík, 1. maí 2017

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands